

Ed.

641. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu á spildu úr Neslandi í Selvogi.

Frá öðrum minni hluta landbúnaðarnefndar.

Við Þorsteinn Þorsteinsson höfum ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Hann leggur til, að frumvarpinu sé breytt þannig, að salan verði því aðeins heimil, að tveir óvilhallir menn mæli með henni. Stafar þetta af því, að hann vill ekki gera upp á milli þeirra, er telja, að sandgræðslumálum Selvogsmanna stafi af því engin hættu, þó að þetta land gangi undan sandgræðslunni og verði þrautbeitt, og hinna, sem telja, að sé þetta land selt, þá sé ekki einungis sandgræðslumálum í Selvogi stórspillt, heldur sé með sölnunni, ef framkvæmd yrði, sandgræðslumálum landsins teft í hættu, og tvisýnt, hvort hún getur haldið áfram í því formi, sem hún er í nú.

Ég legg til, að frumvarpið sé fellt. Byggist sú tillaga á því, að ég legg meira upp úr álitum ábyrgs, opinbers starfsmanns ríkisins, sem hefur sérþekkingu á sandgræðslumálum og margra ára reynslu að baki, en manna, sem ýmist eru lítt kunnir staðháttum eða telja sig í bili hafa augnablikshagnað af sölnunni og engir hafa sérþekkingu á sandgræðslumálum til að bera. Þá tek ég og til greina álit hreppsnefndar, þótt ég leggi minna upp úr því. Bæði álit sandgræðslustjóra og hreppsnefndar er að finna á þskj. 233.

Sandgræðslugirðingin í Selvogi er stærsta sandgræðslugirðing landsins. Innan hennar er allt Þorlákshafnarland, en það er 2713 ha., en auk þess land frá þessum jörðum: Hrauni 753 ha., Vindheimum 691 ha., Litlalandi 391 ha., Hlíðarenda 1127 ha., Nesi 2122 ha.

Þegar girðingin var sett 1935, var meiri hluti þessa lands örfoka, en síðan hefur það gróið nokkuð. Allir landeigendur létu land sitt og tóku að sinum hluta þátt í að friða það, nema Neshóndinn. Hans land varð að taka eftir mati, og keypti ríkissjóður það eftir samkomulagi við hann fyrir 150 kr. ha. í sandinum og 3000 kr. fyrir beitimissi í fjörunni, en rekarétti heldur jörðin óskertum. Hann fékk því um 6200 kr. fyrir landið. Nú vill hann aftur fá keypta um 500 ha. af þeim 2122, er teknir voru í sandgræðsluna, og þar sem þetta er þríhyrna af landinu, fylgir um helmingur fjörunnar þeim hluta. Þessa ósk sína byggir Neshóndinn á því, að hann þurfi þetta land til fjárþeirar. Undan því landi, er Nes á nú og notar, er ágæt fjara, og sú, er bezt er talin í Selvogi, og þó hún sé ekki löng, þá er ekki sýnilegt að kunnugra manna sögn, að neitt sjái á henni þau 6 ár, er allt Nesféð hefur gengið í henni. Er því ekki hægt með réttu að halda því fram, að Nes þurfi lengri fjöru fyrir fé sitt. Land Ness er mjög stórt, þar sem það á land allt upp í Geitafell, en þangað er frá sjó nær 7 kílómetrar, og er því landrými nægjanlegt. Hinu verður ekki neitað, að fé þykir gott að krafsa í grænkunni á sandinum á vorin, og sækir þangað kjarnmikinn gróður, sem oft getur komið sér vel fyrir fjármargan bónda að hafa aðgang að í bili, en hve hollt það er fyrir framtíðina og það sjónarmið, sem sandgræðslan er byggð á, er annað mál.

Alþingi það, er nú situr og ákveða á, hvort það vill láta ráðherra selja land þetta, hefur afgreitt breytingar á sandgræðslulögunum. Allar miðuðu þær í þá átt að herða ákvæði laganna og styðja að því, að hið opinbera ætti hægara með að friða og græða land, sem undirorpið væri upphlæstri. Það væri því næsta hjákátlegt, ef sama Alþingi og samþykkti þessi lög færi að samþykkja þetta frumvarp, sem beint yrði til þess að verka öfugt og rífa niður það, sem ætlað var til, að hægt yrði að byggja upp eftir frumvarpinu.

Það er þá líka vitað, að af því að samþykkja þetta frumvarp nú mundi leiða það, að fleiri kæmu á eftir og að margfalt erfiðlegar gengi að fá menn til að friða lönd sín og græða en áður. Getur þó sandgræðslustjóri sagt frá margri glímu sinni við sérhyggjumenn, og hve mjög erfiðlega hefur oft gengið að fá þennan og hinn til að

skilja nauðsyn þess að friða landið, meðan í því hafa verið einhverjar tægjur af grasrótum, sem sauðkindin hefur getað krafsað upp úr sandinum. Illa væri það farið, ef Alþingi gæfi nú þeim mönnum aðstoð sína, er mest hafa þversum staðið í allri viðleitni þess opinbera til að friða foksvæðin og gera landið byggilegra.

Í raun og veru má segja, að alþingismenn sýni með atkvæði sínu um þetta frumvarp aðstöðu sína til þess, hvort meira beri að meta augnablikshag — í þessu tilfelli vorbeit í sandinn — eða hag framtíðarinnar. Allir vita, að til eru menn, sem ekki hugsa um hag komandi tíma, heldur hitt, að hafa sem mest not augnabliksins. Þeir menn vilja vitanlega láta nota sandinn meðan nokkur grastægja er þar til. Hinir, sem skilja, að eftir því sem þjóðinni fjölgar, þarf landið að verða fjórra, og vilja styðja að því, að svo geti orðið, vilja láta vernda leifarnar af gróðrinum, sem eru í sandinum, til þess að hann að nokkrum árum eða kannske áratugum geti skapað undirstöðu fyrir meiri búskap og blómlegri en nú er, vilja láta friða sandinn, græða landið, og þeir geta ekki verið með frumvarpinu.

Málið er því prófmál alþingismanna, og þeir sýna með atkvæði sínu, hvort þeir meta meira, hag framtíðarinnar og þeirra, er landið eiga að byggja, eða augnablikshag þeirra, er nú lifa í landinu.

Alþingi, 25. maí 1941.

Páll Zóphóníasson.